

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Línbergsreitir, Grandagarði.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 29. október 2020, breytingu á deiliskipulagi Örfiriseyjar – Vesturhafnar vegna lóðanna nr. 16-32 við Fiskislóð og nr. 39-93 við Grandagarð. Í breytingunni felst að skipta svæðinu upp í fimm lóðir, niðurrif eldri bygginga og bygging nýrra og hærri húsa eða 2-4 hæða ásamt byggingu bílastæðahúss fyrir um 300 bíla. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Bryggjuhverfi, spennistöð við Tangabryggju.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 4. desember 2020, breytingu á deiliskipulagi Bryggjuhverfis vegna lóðar fyrir spennistöð við Tangabryggju. Í breytingunni felst að lóð spennistöðvar er stækkuð, færð til og byggingarmagn skilgreint. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Vogabyggð svæði 1.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 4. september 2020, breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar, svæði 1, vegna lóðar nr. 1.6. Í breytingunni felst m.a. að heimila aukið byggingarmagn og reisa íbúðir í þremur húshlutum ofan á bílgeymslu, fækka bílastæðum í götu, gera þemagarð á borgarlandi austast á svæðinu ásamt því að breyta lögun lóðar og götu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 17. desember 2020.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 6. janúar 2021